

Fimmtudaginn 23. júní 1966.

Nr. 98/1966. **Ármann Friðriksson f. h. Ingimundar h/f**
 gegn
Húsatryggingum Reykjavíkurborgar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómkvaðning yfirmatsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. maí 1966, sem hingað barst 18. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1966, þar sem synjað er beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu yfirmatsmanna. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að dómkveðja yfirmatsmenn. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Ekki verður fullyrt, að framkvæmd yfirmats dómkvaddra manna um brunatjón það, sem í máli þessu greinir, geti ekki skipt sóknaraðilja máli, og matsdómaranum bar ekki fyrir fram úrlausn um gildi yfirmatsgerðar í lögskiptum sóknaraðilja við varnaraðilja. Synjun dómarsins um að dómkveðja yfirmatsmenn var þannig ekki á rökum reist, og verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómarann að framkvæma dómkvaðninguna.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber héraðsdómaranum að framkvæma greinda dómkvaðningu yfirmatsmanna.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1966.

Málavextir eru þessir: Hinn 19. apríl 1964 varð brunatjón á húseigninni nr. 6 við Súðarvog í Reykjavík, sem er eign hluta-

félagsins Ingimundar. Hús þetta var tryggt hjá Húsatryggingum Reykjavíkur. Mat hinna dómkvöddu virðingarmanna Húsatrygginga Reykjavíkur fór fram á tjóninu, og nam tjónfjárhæðin skv. matinu kr. 626.000.00. Tjónþola var tilkynnt niðurstaða matsins bréflega hinn 14. maí 1964. Í bréfi þessu var þess sérstaklega getið, að tjónþola væri heimilt að krefjast yfirmatsgerðar innan sjö sólarhringa, frá því að honum bærisk tilkynningin um niðurstöðu brunabótamatshins.

Tjónþoli gerði engar athugasemdir við matsgerðina, heldur fór strax að veita tjónbótum viðtöku. Fékk hann tjónið bætt með tólf greiðslum, hinni fyrstu 19. maí, en síðustu 30. október 1964. Ármann Friðriksson kvittaði sjálfur fyrir móttöku 2. greiðslunnar, en eiginkona hans, Ragnhildur Eyjólfsdóttir, kvittaði fyrir hinum ellefu. Undir kvittun fyrir síðustu greiðslunni ritaði Ragnhildur Eyjólfsdóttir svofellda yfirlýsingu: „Vegna brunatjóns nr. 60/1964 að Súðarvogi 6. XII. greiðsla. Lokagreiðsla.“

Með þessum greiðslum taldi matsþoli mál þetta endanlega útrætt og afgreitt.

En hinn 11. janúar 1965 ritaði tjónþoli Húsatryggingum Reykjavíkur bréf, þar sem hann hélt því fram, að viðgerðarkostnaður hússins hefði numið kr. 1.317.036.38 og krafðist þess, að sér yrði greiddur mismunurinn, kr. 691.036.38. Húsatryggingarnar töldu ástæðulaust að sinna þessari málaleitan, en hinn 15. febrúar 1966 gerðist það, að Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður ritaði Húsatryggingunum kröfubréf um sama efni. Í bréfi þessu er þess getið, að strax og viðgerð hafi verið lokið, hafi framkvæmdastjóra trygginganna verið sendir viðgerðarreikningarnir og hafi hann lofað að láta matsmenn yfirfara reikningana og matið á brunatjóninu, en svar hafi ekkert borizt frá honum. Var þess því krafizt í bréfinu, að yfirmat yrði þegar látið fara fram og bent á það, að skv. lögum nr. 25/1954 um brunatryggingar í Reykjavík gæti hvor aðilja um sig krafizt yfirmats og væri það ekki bundið við ákveðið tíma-mark skv. lögnum.

Húsatryggingar Reykjavíkur svöruðu bréfi þessu hinn 10. marz 1966, þar sem því var mótmælt, að yfirmat færi fram með tilvísun til 23. gr. í almennum váttryggingarskilmálum, sem settir voru hinn 20. október 1955 skv. 6. gr. laga nr. 25/1954. Í 23. gr. váttryggingarskilmála þessara segir svo:

„Vilji annar hvor aðilja ekki hlíta matinu, getur hann krafizt yfirmats innan 7 sólarhringa, frá því að honum varð kunnugt um matið.“

Áður en bréf þetta var ritað, hafði borgarlögmaður óskað eftir því við undirmatsmennina, að þeir létu í té álit um endurbætur þær, er fram hefðu farið á húsinu nr. 6 við Súðarvog eftir brunann.

Álitsgerð matsmannanna er dagsett 8. marz 1966. Í henni geta þeir þess, að þeir hafi skoðað viðgerðina á húsinu og yfirfarið reikningana. Segja þeir viðgerðina hafa verið framkvæmda þannig, að húsið sé nú mun vandaðra að gerð heldur en það hafi verið fyrir brunann. Þakið hafi verið endurbyggt á allt annan hátt en áður. Hitunarkerfið og rafmagn sömuleiðis. Innréttingar auknar. Bekkir og borð í kaffistofu og lampar talið til tjónsins. Að athuguðu máli telja matsmenn því ekki grundvöll fyrir breytingu á bótafjárhæðinni.

Með bréfi til yfirborgardómarans í Reykjavík, dags. 17. marz 1966, óskaði Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður þess, að dómkvaðdir yrðu þrír menn, óvilhallir og sérfróðir, til þess að meta margnefnt brunatjón yfirmati.

Matspoli, Húsatryggingar Reykjavíkur, hefur andmælt því, að dómkvaðningin fari fram. Var málið tekið til úrskurðar um það atriði hinn 31. marz 1966 samkvæmt kröfu matsbeiðanda.

Matsbeiðandi byggir kröfu sína um útnefningu yfirmatsmanna á því, að samkvæmt almennum reglum eigi þolandi mats rétt á að óska yfirmats. Frestur settur í „almennum vátryggingarskilmálum“ Húsatrygginga Reykjavíkur sé allt of skammur, sé um mikið tjón að ræða, svo sem verið hafi í þessu tilviki, enda eigi þessi frestur sér ekki stoð í lögum og sé hann því óskuldbindingu fyrir matsbeiðanda, enda hafi hann aldrei afsalað sér rétti til yfirmats.

Endurteknar umkvartanir um framkvæmd undirmats hafi leitt til þess, að undirmatið hafi verið endurupptekið. Og með því að taka aftur upp undirmatið hafi raunverulega verið framkvæmt nýtt undirmat og innan 7 daga frá endurupptöku matsins hafi verið beðið um yfirmat. Eigi matsbeiðandi því rétt á því, að dómkvaðningin fari fram. Samtímis falli niður sem haldlausar mótbáru matspola þess efnis, að matsbeiðandi sé þegar búinn að gefa lokakvittun fyrir greiðslu bótanna, þar sem kvittun þessi hafi ekki verið gefin af aðilja, sem bær hafi verið að skuldbinda Ingimund h/f.

Að endingu hefur matsbeiðandi bent á það, að dómkvaðning yfirmatsmanna þjóni þeirri réttlætiskröfu sinni, að sannreynt verði, hverju tjóni húsbruninn hafi valdið, en matspoli eigi að

bæta það tjón að fullu. Þess vegna séu mótmælin gegn dómkvaðningunni ekki reist á haldbærum rökum, enda sé hin siðferðilega undirstaða þeirra ekki tiltakanlega traust.

Matsbeiðandi hefur krafizt málskostnaðar.

Matsþoli reisir mótmæli sín gegn dómkvaðningunni á því, að matsbeiðandi hafi eigi óskað eftir yfirmati nægilega snemma, því að skv. 23. gr. alm. váttryggingarskilmála fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur sé frestur þessi ákveðinn 7 dagar. Þessa grein váttryggingarskilmálanna kveður matsþoli byggða á 6. gr. laga nr. 25/1954 um brunatryggingar í Reykjavík, en samkvæmt þeirri grein eigi bæjarstjórn að setja nánari reglur um váttryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd nefndra laga. Þessa lagaheimild hafi bæjarstjórn Reykjavíkur notfært sér með setningu almennu váttryggingarskilmálanna, en þeir voru settir hinn 20. október 1955. Váttryggingarskilmálar þessir séu því reistir á traustum lagaheimildum. En auk þess hefur matsþoli bent á, að hér komi til athugunar almennar reglur um tómlætisverkanir.

Þá mótmælir matsþoli því, að nokkur endurupptaka á undirmatinu hafi átt sér stað og bendir að endingu máli sínu til stuðnings á skilyrðislausar greiðslukvittanir tjónþola fyrir bótunum. Allt það, sem nú hefur verið rakið, telur matsþoli benda til þess, að útnefning yfirmatsmanna eigi ekki að fara fram í máli þessu.

Fallast má á það með matsbeiðanda, að frestur sá, sem tjónþola er settur í 23. gr. margnefndra váttryggingarskilmála til þess að krefjast yfirmats, kunni í sumum tilvikum að vera of skammur, þegar um umfangsmikið tjón er að ræða, enda styðst frestur þessi ekki við beina lagaheimild.

Hins vegar ber í þessu máli að hafa það í huga, að matsbeiðanda er tilkynnt undirmatið bréflega hinn 14. maí 1964, og er þá engin athugasemd við það gerð af hans hálfu, heldur þegar nokkrum dögum síðar tekið að veita móttöku greiðslum samkvæmt matinu og kvittað fyrir lokagreiðslu hinn 30. október 1964. Það er fyrst í bréfi 17. marz 1966, tæpum tveim árum eftir framkvæmd undirmatsins, að óskað er eftir dómkvaðningu yfirmatsmanna. Að svo vöxnu máli þykir matsbeiðandi hafa fyrirgert rétti sínum til yfirmats, þegar krafa um það var gerð, enda verður ekki talið, að síðari könnun undirmatsmanna á matinu og viðgerðunum fái hér um breytt. Ber samkvæmt þessu að synja yfirmatsbeiðninni. Matsbeiðanda verður ekki dæmdur málskostnaður. Matsþoli hefur ekki krafizt málskostnaðar.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreindri yfirmatsbeiðni Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Ármanns Friðrikssonar v/Ingimundar h/f er synjað.

Föstudaginn 24. júní 1966.

Nr. 7/1966. **Ákærvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hugh Lafferty
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn í máli þessu.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti bréf Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans, dags. 2. febrúar 1966, svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 70 staðarákvarðanir gæzluflugvélarinnar TF-SIF, eins og um getur í hæstaréttarmálinu: Ákærvaldið gegn Hugh Lafferty, skipstjóra á brezka togaranum St. Andronicus, H-241.

Í kortinu eru:

- 1 = staður TF-SIF kl. 1747 h. 22/10 '65. Þá mælist togarinn á stað 1 um 1.9 sml. innan fiskveiðimarkanna.
- 2 = staður TF-SIF yfir togaranum kl. 1755 um 1.95 sml. innan fiskveiðimarkanna.